

Ársskýrsla Byggðasafns Vestfjarða fyrir árið 2020

Starfsemin.

Starfsemi Byggðasafns Vestfjarða var óhefðbundin árið 2020 vegna þess ástands sem skapaðist af Covid-19 faraldrinum. Safnið var opið daglega frá kl. 10 -17 frá lokum maí til 31. ágúst og 12., 19. og 30. desember. Þetta er nokkuð styttri opnunartími en verið hefur. Aðgangseyrir var 1300 kr., 1050 kr. fyrir eldri borgara og hópa fleiri en 10. Frítt var fyrir börn á grunnskólaaldri. Verð til hópa á vegum Vesturferða var 900 kr.

Fastir starfsmenn voru Finney Rake! Árnadóttir safnafræðingur sem kom til starfa í apríl í 50% stöðu, Jóna Símonía Bjarnadóttir forstöðumaður og Þorsteinn Traustason sem eftirlitsmaður með húsum safnsins, lóð og bátum í 50% stöðu.

Auk þeirra voru sumarstarfsmenn Heiðrún Gréta Viktorsdóttir, Snævar Sölvi Sölvason og Tryggvi Fjölsson. Lydía Hrönn Kristjánsdóttir var tímabundið í skráningu.

Gestir safnsins.

Gestir safnsins árið 2020 voru rúmlega 1750, sem er mikið færra en á síðasta ári. Ólíkt fyrri árum var meirihluti gesta innlendir. Að venju heimsóttu fjölmargir Neðstakaupstað en mjög mikið munaði um að engin skemmtiferðaskip heimsóttu Ísafjörð þetta árið. Aðgangstekjur voru rúmar 1,3 milljónir króna en gert var ráð fyrir rúmum 11 milljónum í áætlun í upphafi árs en sú áætlun lækkuð um vorið í 6 milljónir.

Hagræðing og aðhaldsaðgerðir.

Áfram var reynt að draga úr kostnaði við rekstur safnsins eins og mögulegt er.

Fundarhöld og ráðstefnur.

Eins og gefur að skilja var lítið um fundarhöld og ráðstefnur á árinu en Jóna Símonía sat aðalfund FÍSOS sem fram fór í fjarfundi, einnig farskólann sem þetta árið var fjaraskóli. Þá tók safnið þátt í fundahöldum vegna framtíðarsýnar á sarp og rýnihópum um sama. Starfsmenn sátu einnig vofund höfuðsafnanna sem að þessu sinni var streymt sem og rýnifund um samræmda safnastefnu.

Sýningar.

Sett var upp jólasýning í desember. Þá lét safnið gera jóladagatal en samið var við Gústi production um upptökur. Þetta voru samtals 24 þættir sem settir voru á fésbókarsíðu safnsins og fengu góðar viðtökur. Stefnt er á framhald þesskonar miðlunar árið 2021 en til verksins fékkst styrkur úr safnasjóði.

Safnið tók þátt í tónleikaröðinni „Sjö dagarnir sælir 2020“ í samstarfi við Tjöruhúsið en tónleikahaldið fór fram í turnhúsinu og tókst í alla staði mjög vel.

Útgáfa.

Safnið gaf út litabók á árinu með heitinu „Litabók Neðstikaupstaður“. Það var listakonan Marsibil Kristjánsdóttir á Þingeyri sem teiknaði bókina en útgáfan var styrkt af safnasjóði.

Safnið gaf einnig út póstkort á árinu. Um er að ræða ljósmynd af járnsmið að störfum í smiðjunni á Þingeyri eftir Hauk Sigurðsson.

Bárðarslippur.

Ekkert var unnið við slippinn á árinu frekar en í fyrra. Byggðasafn Vestfjarða hefur staðið að fjármögnun við viðgerðs slippins hingað til. Ekki tókst að afla styrkja til frekari framkvæmda. Óhjákvæmilegt er að láta þess getið að slippurinn er í eigu Ísafjarðarbæjar sem fól safninu hann til umsjónar og varðveislu árið 2007.

Aðeins um báta safnsins.

Bátar safnsins eru 15, að auki eru tveir sem eru fóstraðir fyrir Þjóðminjasafn Íslands. Vegna aðhaldsaðgerða var ákveðið að lágmarka alla vinnu við þá, þrátt fyrir að meira hafi verið gert en árið 2019. Helstu verkefni ársins voru eftirfarandi:

1. Gunnar Sigurðsson Ís 13. Báturinn var tekinn á land haustið 1918 og ekki sjósettur 2019 og 2020.
2. Jóhanna Ís 159. Báturinn var tekinn á land haustið 1918 og ekki sjósettur 2019. Búið var um bátinn fyrir vetrargeymslu á svæði safnsins og hann sjósettur sumarið 2020.
3. Gestur frá Vigur. Báturinn var tekinn á land haustið 1918 og ekki sjósettur 2019. Búið var um bátinn fyrir vetrargeymslu á svæði safnsins og hann sjósettur sumarið 2020.
4. Eljan Ís 590. Ekki var unnið bátinn og var ekki sjósettur. Hann var búinn undir vetrargeymslu á svæði safnsins.
5. Sædis Ís 67 var við bryggju fram á haustið 2018 og þá tekinn á land.
6. María Júlía Ba 36. Lítið hefur áunnist í málefnum hennar en í ár lýsti Lárus List á Akureyri áhuga á að eignast bátinn. Fleiri fóru þá að sýna honum áhuga og í augnablikinu er verið að skoða möguleikann á að báturinn fari til Húsavíkur þar sem áhugamannafélag mun taka við henni. Þau mál eru enn í skoðun.

Vélsmiðja G.J. Sigurðssonar á Þingeyri.

Smiðjan var opin frá júní-ágúst en um yfirsetu sáu listamennirnir Heiðrún Viktorsdóttir, Snævar Sölvason, Hekla Björt Helgadóttir og Andrea Arnarsdóttir. Greitt var fyrir með styrk frá fyrra ári. Aukist hefur að ferðaþjónar nýti sér smiðjuna fyrir hópa og var opnað fyrir hópa fram eftir hausti en við það nutum við aðstoðar Kristjáns Gunnarssonar. Alls heimsóttu um 650 gestir smiðjuna á árinu.

Geymslumál

Safnið hefur sára þörf fyrir geymsluaðstöðu fyrir stærri hluti sem geymdir eru á nokkrum stöðum og einnig báta safnsins, sem teknir eru á land yfir vetrarmánuðina. Mjög brýnt er að þessi vandi verði leystur á allra næstu árum en skoða mætti þau mál í samhengi við sára vöntun Héraðsskjalasafnsins, Ljósmyndasafnsins og Listasafns Ísafjarðar fyrir geymslurými.

Nathalie Jacqueminet forvörður kom til safnsins í ágúst og yfirfór geymslur og veitti ráðgjöf við forvörslu sem og frágang í geymslur. Heimsóknin var styrkt af safnasjóði. Í kjölfar heimsóknarinnar var farið í að rýma geymslu safnsins í smiðjunni svokallaðri. Þar reyndust ýmsir munir skemmdir en áfram verður unnið í að taka viðkvæma gripi úr geymslunni og verður þeim ýmist komið fyrir í geymslunni í Neðstakaupstað eða á lofti Sundhallarinnar til bráðabirgða.

Skráning muna.

Unnið var við skráningu á árinu fyrir styrk úr Safnasjóði. Um það sá Lydía Hrönn Kristjánsdóttir.

Stjórn safnsins.

Stjórn safnsins var skipuð Guðmundi Gunnarssyni bæjarstjóra á Ísafirði fram í janúar 2020 en Birgir Gunnarsson tók við í febrúar, Jóni Páli Hreinssyni bæjarstjóra í Bolungarvík og Bragi Þór Thoroddsen sveitarstjóra í Súðavíkurbreppi. Ísafjarðarbær annaðist bókhald safnsins og einnig launabókhald. Endurskoðun Vestfjarða gekk frá ársreikningi safnsins.

Tekið saman af Jónu Símoníu Bjarnadóttur forstöðumanni í janúar 2021.